

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2021
UST202102-032/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda – Blautós og Innstavogsnes - hesthúsahverfi við Æðarodda

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Veitna ohf., dagsett 1. febrúar 2021, um leyfi til framkvæmda vegna lagningar fráveitu innan friðlandsins við Blautós og Innstavogsnes.

Blautós og Innstavogsnes er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 166/1999. Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Akraness. Umferð vélknúinna öku- og siglingatækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu og í samræmi við umgengisreglur um svæðið. Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil.

Lýsing verkefnis:

Verið er að bæta frárennslismál frá hesthúsahverfinu við Æðarodda. Í dag rennur frárennslíð eftir opnum skurði út í Blautós. Til stendur að setja niður setþró og gera nýja útrás í núverandi skurð og loka honum. Setþró verður staðsett utan friðlandsmarkana. Framkvæmdasvæðið innan friðlandsins er um 50 metrar að lengd. Kort og teikningar sem sýna staðsetningu framkvæmdarinnar og hönnun fylgdi með umsókn. Rásin verður lögð með 5% halla, fyllt verður upp í skurðinn með lagnasandi og með 4 metra millibili verður komið fyrir fargi eða sökkli. Gengið verður frá framkvæmdasvæði á þann hátt að svæðið verði snyrtilegra í kringum útrás og lögn heldur en það er í dag. Þar sem jarðvegi verður raskað vegna nýrra lagna verður aftur gengið frá yfirborði eftir framkvæmdir. Um er að ræða fyrsta áfanga í að bæta frárennslismál á svæðinu sem felst í uppsetningu á setþró utan friðlandsins og bæta útrásina innan friðlandsins. Um tímabundna ráðstöfun er að ræða þar til lokið hefur verið við að tengja frárennslíð við fráveitukerfi Akraneskaupstaðar. Starfsmannaðstaða vegna framkvæmdarinnar verður sett upp utan friðlandsins. Áætlaður verktími fyrir fyrsta áfanga er 4-6 vikur á tímabilinu ágúst – september 2021. Að verkinu koma 5-15 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Um er að ræða framkvæmdir til bráðabirgða til að bæta núverandi ástand þar til framkvæmdum er lokið við að tengja hesthúsasvæðið við frárennsliskerfi Akranesbæjar. Eftir það verður lokað fyrir útrennslíð út í Blautós. Framkvæmdin fer fram á áður röskuðu svæði og til lengri tíma mun hún hafa jákvæð áhrif á hið friðlýsta svæði þegar frárennslismálin verða komin í lag.

Umhverfisstofnun telur Mikilvægt er að tímaáætlun standist til að takmarka áhrif á fuglalíf svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Veitum ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum vegna fráveitumála innan friðlandsins í Blautós og Innstavogsnesi sbr. lýsingu hér að ofan í ágúst og september 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega vegna framkvæmdarinnar að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Linda Björk Hallgrímsdóttir
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur